

Ágæti viðtakandi,

Innanríkisráðuneytið óskar umsagna um aðgengiskafli vefhandbókar og viðmið WCAG 2.0 AA um aðgengi að opinberum vefjum

Vefhandbókin var fyrst sett á laggirnar á árinu 2008 (sjá ut.is) og er henni ætlað að þjóna hlutverki gæðahandbókar um opinbera vefi á Íslandi. Nú er unnið að uppfærslu 2. kafla vefhandbókar sem snýr að aðgengismálum. Verkefnið snýst um að uppfæra handbókina í ljósi þeirrar þróunar sem hefur átt sér stað á sviði aðgengismála á sl. fjórum árum. Hjá alþjóðlegu staðlasamtökunum W3C hafa nú tekið gildi ný viðmið WCAG 2.0 **til að tryggja aðgengi að vefjum, m.a. fyrir blinda, sjónskerta og aðra sem þurfa að nota hjálpartæki við lestur efnis og notkun vefja almennt.**

Tilgangur þessa bréfs er að veita hagsmunaaðilum og öðrum áhugasömum kost á að veita umsögn um eftirfarandi tvö atriði:

1. **WCAG 2.0 AA verði opinbert viðmið á Íslandi.** Óskað er eftir ábendingum eða tillögum sem lúta að því að taka upp WCAG 2.0 AA sem viðmið fyrir opinbera vefi á Íslandi. Ef af verður yrði væntanlega stefnt að því að ljúka innleiðingu viðmiðanna fyrir lok árs 2016. Í tillögunni felst að allir opinberir vefir á Íslandi uppfylli eftirfarandi yfirmarkmið WCAG 2.0 AA:
 - a. Allt efni sem er sett fram í öðru formi en texta þarf einnig að vera aðgengilegt sem texti til að notendur geti nýtt sér aðra framsetningu, svo sem stærra letur, Braille, talmál eða tákn.
 - b. Myndefni sem sett er fram á vefjum þarf einnig að vera hægt að miðla á annan hátt.
 - c. Búa þarf þannig um efni að mismunandi tæki og tól geti lesið úr því sömu upplýsingar.
 - d. Notendur þurfa að sjá eða heyra efni og geta aðskilið efni í forgrunni frá bakgrunni.
 - e. Vefsíður þurfa að búa yfir fullri virkni hjá notendum sem nýta sér eingöngu lykklaborð við skoðun vefja.
 - f. Veita þarf notendum nægan tíma til að lesa efni og vinna á vefsíðum.
 - g. Ekki hanna efni á þann hátt sem vitað er að geti valdið flogaköstum.
 - h. Útfæra þarf leiðir til að hjálpa notendum að finna efni og ákvarða hvar þeir eru staddir á vefsvæðum hverju sinni.
 - i. Ganga þarf þannig frá texta að hann sé læsilegur og skiljanlegur.
 - j. Vefsíður þurfa að virka með fyrirsjáanlegum hætti.
 - k. Hjálpa þarf notendum að forðast og leiðrétta mistök.

- I. Ganga þarf úr skugga um að öll tækni vefsíðunnar styðji staðla, tryggja þarf að framtíðartækni og hjálpartæki sem notendur nýta sér til að skoða vefi virki.

Sérstök athygli er vakin á atriðum sem tengjast lið b., f., k. og l. hér að ofan:

Viðmiðin herða á eftirfarandi atriðum: **Í lið (b) er fjallað um að efni sem sent er út beint af vefnum verði textað með reglulegu millibili á meðan útsendingu stendur yfir, einnig fáist fram upplýsingar um hver sé að tala.** Dæmi um þetta eru beinar útsendingar á opinberum vefjum. Í lið f. er fjallað um að notendum verði gefinn kostur á lengja vinnulotur (e. session) eða að þeir séu varaðir við þegar þeim fer að ljúka. Í lið (k) er fjallað um aukna aðstoð við notendur í hönnun forma, líklegt að það auki forritunarvinnu vegna fyrirbyggjandi villuboða og aðstoðar. Í lið (l) er lögð áhersla á að vefsíður uppfylli staðla W3C. Einnig er mikilvægt að vefsíður uppfylli staðlapróf til að hægt sé að kanna aðgengi á sjálfvirkan hátt.

Nánari umfjöllun um WCAG 2.0 AA og áhrif þess á hönnun, rekstur og viðhald vefja má finna á vefsetri W3C á slóðinni: <http://www.w3.org/TR/WCAG/>

2. **Vefhandbók og umfjöllun um aðgengismál.** Einnig gefst nú kostur á að veita drögum að uppfærðri vefhandbók umsögn. Um er að ræða 2. kafla handbókarinnar sem fjallar um aðgengismál. Handbókin tekur mið af ofangreindum yfirmarkmiðum WCAG 2.0 AA og byggir á grunni leiðbeininga sem settar hafa verið fram í tengslum við gæðakönnunina „Hvað er spunið í opinbera vefi?“. Drög að vefhandbókinni eru nú aðgengileg á vefnum og er öllum frjálst að koma með ábendingar og tillögur að viðbótum eða úrbótum.

Óskað er eftir því að umsagnir og/eða ábendingar berist í gegnum umræðu á wiki-formi á slóðinni <http://frelsi.ut.is/vefhandbok/>. Notendur skrá þar inn netfang sitt í nýskráningu og fá þar tækifæri á að koma með athugasemdir um WCAG 2.0 AA og mismunandi hluta þeirra 12 kafla sem eru til umfjöllunar í nýjum aðgengiskafla vefhandbókarinnar. Opið verður fyrir athugasemdir og ábendingar varðandi ofangreind atriði **til 1. maí nk.**

Með von um góðar undirtektir.

Guðbjörg Sigurðardóttir

Guðbjörg Sigurðardóttir

Skrifstofustjóri upplýsingasamfélagsins/Director of Information Society Affairs

Stefnumótun og þróun / Policy and Development

[Innanríkisráðuneytið / Ministry of the Interior](#)

Sölvhólgötu 7

150 Reykjavík

Tölvupóstfang / E-mail: guðbjorg.sigurdardottir@irr.is

Sími / Tel: (+354) 545 9000

Bréfasími / Fax: (+354) 552 7340